

## AUGLÝSING

### um breytingu deiliskipulags bensínstöðvar og ferðaþjónustu á Arnarstapa, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. febrúar 2015, breytingu deiliskipulags bensínstöðvar og ferðaþjónustu á Arnarstapa.

Breytingin er fölgín í því að í stað 8 smáhýsa má nú reisa 12 smáhýsi með allt að 40 hótélherbergjum. Þjónustuhús er minna og lægra en áður var gert ráð fyrir og brotið upp til að tryggja fingert yfirbragð. Í þjónustuhúsi verði móttaka hótels, veitingasalur, sjoppa og verslun. Byggðin er þéttari en áður var ráðgert og vikur því fjær frístundabyggð að vestan og fjær afleggjara að austan.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi

*Snæfellsbæ, 19. febrúar 2015.*

**Lúðvík Ver Smáráson** byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015